

**Nd.** **665. Frumvarp til laga** [236. mál]  
um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31.  
des. 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

**1. gr.**

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð  $2\frac{1}{2}\%$  af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.